

## Fundargerð 73. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 16. apríl 2015 kl. 14:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir stjórnarmenn: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir og Guðjón Bragason. Sævar Skaptason boðaði forföll.

Frá Ferðamálastofu: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

Frá Þingeyjarsveit: Helga Erlingsdóttir verkefnastjóri, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Arnór Benónýsson oddviti.

Aðeins var eitt mál á dagskrá fundarins sem er málefni Goðafoss – staða styrkveitinga og framhald verkefnis. Til fundarins var boðið fulltrúum Þingeyjarsveitar sem er styrkþegi vegna framkvæmdanna.

### Staða skipulagsmála við Goðafoss

Fulltrúar Þingeyjarsveitar upplýstu að komin væri fram deiliskipulagstillaga sem hefur verið auglýst og lögðu fram loftmyndir þar sem deiliskipulagssvæðið er afmarkað. Vilji var hjá sveitarfélagini að vinna deiliskipulag og aðalskipulag af öllu svæðinu samhliða en ekki var samstaða um það innan landeigendahópsins og hefur eigandi Fosshóls látið vinna eigin tillögu að deiliskipulagi á sínu landi. Af þessum sökum hefur verkið tafist. Umrædd deiliskipulagstillaga eiganda Fosshóls hefur ekki verið fullrýnd en ljóst er að hún tekur ekki tillit til tillagna Vegagerðarinnar um breytt vegarstæði.

Fulltrúar Þingeyjarsveitar greindu nánar frá áformum um flutning vegar og nýtt brúarstæði auk þess sem áform eru um göngubrú sem mun byggja á últitu fyrstu brúarinnar yfir Skjálfandafljót. Fram kom að ekki er einhugur meðal landeigenda um hvort uppbygging eigi nánast öll að vera austan megin eða hvort til álita komi að heimila mannvirki vestan árinnar einnig. Niðurstaða veltur á því hvort sátt næst við landeigendur. Fram kom að mikil rútuumferð frá skemmtiferðaskipum er ein helsta áskorunin við skipulag og uppbyggingu á svæðinu.

Gestirnir svöruðu greiðlega spurningum stjórnarmanna um stöðu skipulagsmála og afstöðu landeigenda á svæðinu. Kom m.a. fram að ákveðnar hugmyndir hafa verið í gangi varðandi stýringu umferðar, þ.e. hafa rútustæði á vesturbakkanum en „lausauferð“ á austurbakkanum. Verið er að vinna svipað verkefni á Þingvöllum og þar væri hægt að sækja þekkingu hvað þetta varðar. Björn bendir á að hafa megi samband við Einar Sæmundsen upplýsingafulltrúa Þingvallaþjóðgarðs. Þá var m.a. umræða um þyrluumferð við fossinn.

### Fjármögnun og staða framkvæmda

Farið var yfir styrkveitingar til verkefnisins og greiðslur til Þingeyjarsveitar:

Nr.	Styrkþegi	Verkefni	Styrksupphæð	Greiðsla 1	Greiðsla 2	Eftirstöðvar
13-274	Þingeyjarsveit	Endurbætur á umhverfi Goðafoss	5.000.000	2.500.000		2.500.000
		Endurbætur á umhverfi Goðafoss (uppræðsla, stigagerð og öryggishandriði)			5.677.543	3.322.457
14-185	Þingeyjarsveit		15.000.000	6.000.000		
14-049	Þingeyjarsveit	Endurbætur á umhverfi Goðafoss	15.000.000	6.000.000		9.000.000
15-049	Þingeyjarsveit	Endurbætur á umhverfi Goðafoss	5.000.000			5.000.000
				40.000.000		19.822.457

Um 19 m.kr. hefur nú þegar verið ráðstafað í skipulagsvinnu og framkvæmdir á svæðinu, af alls 40 m.kr. styrk en fulltrúar Þingeyjarsveitar upplýstu að þeir hefðu ákveðnar áhyggjur af kröfu um mótframlag sveitarfélagsins, einkum vegna 15 m.kr. styrkst (14-049) og vegna frekari framkvæmda sem mikið liggi á að hefja, og bentu á að sveitarfélagið hefur engar tekjur af þeirri miklu umferð sem er við fossinn. Óskuðu þeir eftir viðbrögðum stjórnar um hvort til greina komi að lækka eða fella niður kröfu um mótframlag.

Stjórnarmenn kölluðu eftir tillögu frá Þingeyjarsveit um framhald málsins þar sem gerð yrði grein fyrir því hversu mikið fé hafi farið í verkefnið og áform um frekari framkvæmdir m.t.t. núverandi stöðu skipulagsmála á svæðinu og afstöðu landeigenda. Bent var á að hægt er að sækja um lækkun mótfamlags en slíkt erindi þyrfti að bera undir ráðherra. Einnig þyrfti að vera til áætlun ef sá afsláttur fengist ekki, s.s. um hvort til álita komi að skila hluta styrksins. Varðandi framtíðarfyrirkomulag séu frumvörp til umfjöllunar á Alþingi þar sem ekki er gerð krafa um mótframlag sveitarfélags en óljóst sé um afgreiðslu þeirra mála á yfirstandandi þingi.

Einnig var rætt um mögulega aðkomu Vegagerðarinnar og ferðaskipuleggjenda að fyrirhuguðum framkvæmdum við bílastæði og salernisaðstöðu en engin vilyrði liggja fyrir af hálfu þessara aðila.

Fundargerð rituðu Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Vígundsdóttir

*Aðalsteinn Þórðarson*  
*Björn Jóhannsson*  
*Hrafnhildur Ýr Vígundsdóttir*